Hafnarfjörður September 2016

Berist til fræðsluráðs Hafnarfjarðar varðandi tilfærslu á skipulagsdegi.

Fyrir hönd kennara á leikskólanum Víðivöllum óska ég eftir tilfærslu á skipulagsdegi frá 4. janúar yfir til 26. maí skólaárið 2016 - 2017.

Tilefnið er að í maí stefnir stór hópur kennara að því að fara á framhaldsnámskeið í Leikur að læra þar sem nánar er farið í þá heildstæðu kennsluáætlun sem aðferðin stendur fyrir. Þetta skólaárið munum við á Víðivöllum innleiða í starfið og festa í sessi það sem við lærðum á grunnnámskeiðinu sem haldið var síðastliðið vor. Næstkomandi vor er svo framhaldsnámskeið sem mikill áhugi er fyrir að fara á. En til þess að það sé gerlegt þarf að koma til þessi tilfærsla á skipulagsdegi.

Meðfylgjandi er undirritað samþykki frá foreldraráði leikskólans.

Eva Ásgeirsdóttir

Eva Ásgeirsdóttir, leikskólastjóri

Hafnarfjörður 31. ágúst 2016

Berist til fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Efni: Tilfærsla á skipulagsdegi skólaárið 2016 – 2017

Ég undirritaður samþykki fyrir hönd foreldraráðs leikskólans Víðivalla að verða við þeirri ósk að færa til skipulagsdag sem áætlaður er í janúar fram í maí vegna væntanlegrar námsferðar starfsfólks skólans.

Samkvæmt skóladagatali skólans skólaárið 2016 – 2017 er gert ráð fyrir skipulagsdegi 4. janúar 2017 en vegna fyrirhugaðrar námsferðar óskar starfsfólk skólans eftir því að færa þennan skipulagsdag yfir til 26. maí 2017.

Foreldraráð leikskólans hefur samþykkt að verða við þessari ósk.

Arnar Ásgrímsson

Arnar Ásgrímsson formaður foreldraráðs leikskólans Víðivalla